

# DW

# Um helgina

Að Kjarvalsstöðum verður opnuð á morgun kl. 16.00 yfirlitssýning á verkum eftir SÚM-hópinn 1965-1972, þar verða um 100 verk eftir fimmtán listamenn. Þessir listamenn eru Arnar Herbertsson, Gylfi Gíslason, Haukur Dór, Hildur Hákonardóttir, Hreinn Friðfinnsson, Jón Gunnar Arnason, Kristján Guðmundsson, Magnús Tómasson, Ólafur Gíslason, Róska, Sigurður Guðmundsson, Sigurjón Jóhannsson, Tryggvi Ólafsson, Vilhjálmur Bergsson og Þórður Ben Sveinsson. Við opnunina verður flutt tónverk eftir Atla Heimi Sveinsson.

Það var um miðjan sjöunda áratuginn að nokkrir ungir listamenn tóku sig saman og efndu til samsýninga sem báru yfirskriftina SÚM. Margir ráku upp stór augu þegar þeir sáu listaverkin. SÚM-ararnir rufu hefðina og boðuðu nýja sýn, list með áður óséðum formerkjum, þar sem hefðbundnir áhorfendur áttu erfitt með að nota verkanna út frá sínum lærdum, menningarlegu og fagurfræðilegu forsendum.

En SÚM var hvorki listhreyfing né skóli í hefðbundnum skilningi, heldur hópur listamanna með innbyrðis ólíkar skoðanir og listhugmyndir. Hið eina sem virtist sameina þá var andstaðan við hefðbundna myndlist í landinu og vilji til að leiða íslenska list inn á nýjar, áður ókannaðar brautir.

SÚM-hópurinn var því í eðli sínu ósamstæður hópur listamanna sem vann út frá ólíkum forsendum sem ýmist mátti tengja við op-list, popplist, fluxus, pólitíska list og síðar við konseptlist og arte povera.

Á síðastliðnum árum hefur Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, efnt til yfirlitssýninga á íslenskri abstraktlist og figúratífri list 1965-1985. Það var því kominn tími til að setja saman yfirlitssýningu á SÚM. List SÚM-hópsins á ekki að koma



Á þessari mynd má sjá nokkra SÚM-ara, talið frá vinstri: Hreinn Friðfinnsson, Magnús Tómasson, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Gylfi Gíslason og Ólafur Gíslason. Þeir standa hér við málverk eftir Róska.

**Kjarvalsstaðir:**

## Eitt hundrað SÚM-verk

neinum á óvart lengur, heldur er hér á ferðinni menningarviðburður sem staðfestir gildi SÚM-hópsins í ís-

lenskri listasögu og gefur listunendum tækifæri til að sjá list þeirra í víðu samhengi.

Í tengslum við sýninguna er gefin út vegleg sýningarskrá þar sem eru meðal annars ítarlegar greinar um

SÚM-hópin eftir Ólaf Gíslason og Guðberg Bergsson auk viðtala við sjö listamenn sem tilheyrðu hópnum.

**Þjóðleikhúsið:**

## Haustbrúður

Frumssýning á nýju íslensku leikriti, *Haustbrúði* eftir Þórunni Sigurðardóttur, verður í kvöld í Þjóðleikhúsinu. Leikritið byggir á sögulegum heimildum frá öndverðri 18. öld. Fjallar um orlagaríkt ástarsamband Appolóníu Schwarzkopf og Nielsar Fuhrmanns, amtmanns á Bessastöðum.

Þau voru bæði frá Bergen og hétust ung í Kaupmannhöfn, en hann sleit trúlofuninni skömmu áður en hann tók við amtmansembættinu. Appolónía stefndi honum fyrir heit-rof. Fuhrman var dæmdur til að kvænast henni og greiða henni árlega tvo þriðju af launum sínum þar til af brúðkaupinu yrði.

Fuhrmann lét samt ekki segjast. Hann flutti til Íslands ásamt danskri ráðskonu sinni og gjafvaxta dóttur hennar er varð síðar unnusta hans. Appolónía kom á eftir honum og bjó amtmaður í tvö ár með þessum þremur konum eða þar til Appolónía lést 1724 eftir talsverð veikindi. Grunur kom upp um að eittrað hafi verið fyrir henni.

Með hljóðsýningu af þessum sögulegu heimildum hefur Þórunn samið leikritið og gerist það í Kaupmannahöfn, Hafnarfirði og einkum á Bessastöðum í upphafi átjándu aldar.

Höfundurinn, Þórunn Sigurðardóttir, er jafnframt leikstjóri. Jón Nordal hefur samið tónlist við verk-ið. Leikmynd og búningar eru eftir Karl Aspelund og lýsingu hennar Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Haustbrúður er þriðja leikrit Þór-

unnar. Áður hefur hún skrifað Guðrúnu er sýnt var hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1983 og í smásjá sem Þjóðleikhúsið sýndi á Litla sviðinu leikárið 1986-1987. Þórunn hefur jafnframt unnið sem leikari og leikstjóri.

Um tuttugu leikarar taka þátt í sýningunni og eru aðalhlutverkinn í höndum Jóhanns Sigurðarsonar,

Maríu Sigurðardóttur og Brietar Héðinsdóttur. Aðrir leikarar eru meðal annarra Guðný Ragnarsdóttir, Þórarinn Eyfjörð, Rúrik Haraldsson, Gísli Halldórsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Jón Símon Gunnarsson og Lilja Þórisdóttir.

Frumssýning verður í kvöld kl. 20.00 og önnur sýning á sunnudaginn á sama tíma.



Aðstandendur Leikbrúðulands ásamt brúðum er notaðar eru í Mjallhvít.

**Leikbrúðuland:**

## Mjallhvít


Aðeins tvær sýningar eru fyrirhugaðar á Mjallhvít hjá Leikbrúðulandi á næstunni að Fríkirkjuvegi 11. Sú fyrri verður á sunnudaginn kl. 15 og sú seinni sunnudaginn 19. á sama tíma.

Mjallhvít var sett upp í tilefni tuttugu ára afmælis Leikbrúðulands og var fenginn þekktur tékkneskur leikbrúðuhönnuður, Petr Matásek, til að hanna leikbrúður og leikstýra verkinu.

Í maí mun Leikbrúðuland fara

með Mjallhvít til Hollands og eru fyrirhugaðar tvær sýningar á Mjallhvít á brúðuleikhúshátíð í Dortrecht.

Það er ekkert nýtt fyrir Leikbrúðuland að leggja land undir fót. Hópurinn, er stendur að sýningunum, hefur margoft sýnt við góðar undirtektir í útlöndum og er nú svó komið að Leikbrúðuland er þekktasti leikbrúðuflokkur á Norðurlöndum og er velkominn á leikbrúðuhátíðir hvar sem er.



Niels Fuhrmann (Jóhann Sigurðarson) og Appolónía Schwartzkopf (María Sigurðardóttir) eru aðalpersónur í *Haustbrúði*.